

# Ársreikningur 2025

28. apríl 2026

# Samstæðureikningur

- Rekstrartekjur
  - Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2025 námu samtals kr. 14.097 m.kr. og aukast um 8,2% milli ára.
  - Þar af hækkar útsvar og fasteignaskattar um rúmar 755 m.kr. eða sem nemur 10,2%.
  - Framlög jöfnunarsjóðs hækka um tæpar 115 m.kr. (10,8%) og aðrar tekjur hækka um 192 m.kr. (6,7%).
  - Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2018-2025 nemur 9,4% og er því tekjuvöxtur ársins (8,2%) undir meðaltali síðustu ára.



# Samstæðureikningur

- Rekstrargjöld
  - Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2025 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 14.136 m.kr. og aukast um 7,2% milli ára.
  - Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 492 m.kr. eða sem nemur 5,9%.
  - Lífeyrisskuldbinding hækkar um 240 m.kr. eða sem nemur 69,2% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 118 m.kr. (2,9%). Afskriftir aukast um 97,3 m.kr. milli ára eða 22,5%.
  - Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 850 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 1.063 m.kr. og eru því rekstrartekjur að aukast um 213 m.kr. umfram rekstrargjöld á tímabilinu.



# Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma
  - Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur 57 m.kr. á árinu 2025 en var neikvæð sem nam 123 m.kr. á árinu 2024.
  - Á árunum 2020 til og með 2024 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 25 m.kr.
  - Talsverð sveifla hefur verið á hlutfalli rekstrarafkomu af rekstrartekjum síðustu ár en var það neikvætt um 1,6% fyrir árið 2022 yfir í að vera jákvætt um 1% á árinu 2023 yfir í að vera aftur neikvætt um 0,9% árið 2024 og svo 0,4% 2025. Á árunum 2022 til og með 2024 er hlutfallið að meðaltali -0,5%.



# Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma
  - Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er jákvæð sem nemur 293 m.kr. á árinu 2025.
  - Óreglulegir liðir á árinu 2025 voru samtals tekjur að fjárhæð 350,7 m.kr.  Er það tilkomið vegna gatnagerðartekna v. þéttingu byggðar sem námu 481 m.kr., en á móti kemur kostnaður vegna sölutaps eigna sem námu 113 m.kr. og gjöld vegna niðurrifs eigna 17,5 m.kr.
  - Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2024 var jákvæð að fjárhæð 4,5 m.kr. En tap var á samstæðunni fyrir óreglulega liði það ár sem nam 123 m.kr.



# Samstæðureikningur

- Þróun efnahagsreiknings
  - Heildareignir í árslok nema 25.231 m.kr. og hækka því um 554 m.kr. milli ára.
  - Þar af aukast fastafjármunir um 1.026 m.kr. og skammtímakröfur lækka um 534 m.kr.
  - Handbært fé hækkar um 31,6 m.kr.
  - Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 14.828 m.kr. en þær hækka um 104 m.kr. milli ára.
    - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 5.679 m.kr. og hækka um 161 m.kr.
    - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.971 m.kr. en hún hækkar um 302 m.kr. frá fyrra ári.
  - Eigið fé í árslok nemur 10.402 m.kr. og er eiginfjárhlutfall í árslok 41% og hækkar því um 1 % stig frá fyrra ári.



# Samstæðureikningur

- Þróun lífeyrisskuldbindingar
  - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.971 m.kr. og hækkar um 302 m.kr. frá fyrra ári.
  - Á árinu 2025 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 266 m.kr. eða 37 m.kr. meira en á árinu 2024.



# Samstæðureikningur

- Sjóðstreymi
  - Handbært fé frá rekstri á árinu nemur 1.493 m.kr. og lækkar því um 2.698 m.kr. milli ára.
  - Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 1.060 m.kr. og lækkar því um 1.937 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 1.570 m.kr.
  - Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins nema 396 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 249 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 265 m.kr.
  - Handbært fé í árslok nemur 547 m.kr. en nam 515 m.kr. í árslok 2024.



# Veltufé frá rekstri






# Fjárfestingar A og B hluta






# Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
    - Rekstrarjöfnuður hækkar frá fyrra ári.  Hann er jákvæður og nemur 617 m.kr. í árslok 2025.
    - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur samtals 63 m.kr. samanborið við neikvæða um 163 m.kr. í lok árs 2024.
    - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum fer lækkandi og nemur 65 % í árslok 2025 en hámarkið er 150%.



# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

  - Skuldahlutfall þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hafa farið markvisst lækkandi frá árinu 2019 þegar það nam 84% en fór aftur hækkandi árið 2023 í 90%. Hlutfallið fór hæst 2024 í 113% en fer nú aftur lækkandi og stendur í 105% í árslok 2025.
  - Eiginfjárhlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 53% í lok árs 2019 yfir í það að standa í 58% í árslok 2021 en lækkar lítillega árið 2022 í 56%, lækkaði áfram og stóð í 40% árið 2024. Hlutfallið styrktist árið 2025 og stendur í 41%.



# Samstæðureikningur

- Lykiltölur
  - EBITDA framlegð hefur verið að minnka undanfarin ár en EBITDA framlegð nam 7,8% árið 2019.
  - EBITDA framlegð á árinu 2025 nemur 3,5% en á árinu 2024 nam framlegðin 2,1%.
  - EBITDA framlegð á árunum 2019 til 2024 nam að meðaltali 2,5% og er því EBITDA framlegð ársins 2025 yfir meðaltali áranna á undan.



# Samstæðureikningur

- Lykiltölur
  - Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 1,0 í árslok 2025 hjá samstæðunni. Hlutfallið lækkaði verulega á árinu 2023 en hækkar aftur árið 2024 og helst óbreytt 2025.
  - Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.



# A - hluti

- Rekstrartekjur
  - Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 757 m.kr. frá árinu 2024 og eru 8.203 m.kr. á árinu 2025. Það 10,16% hækkun milli ára.
  - Sveiflur hafa verið síðustu ár á hækkunum á útsvari og fasteignasköttum milli ára en óvenju mikil hækkun var milli 2022-2023.
    - 2019-2020 : 4,08%
    - 2020-2021 : 10,16%
    - 2021-2022 : 8,6%
    - 2022-2023 : 12,9%
    - 2023-2024 : 8,51%
    - 2024-2025 : 10,16%
  - Framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu lítillega frá árinu 2024. Framlögin námu 2.848 m.kr. á árinu 2025 og hækkuð því um 115 m.kr. milli ára eða um 4,2%.
  - Aðrar tekjur hækka um 181 m.kr. frá árinu 2024 og eru 1.479 m.kr. á árinu 2025. Það er hækkun um 13,9%.



# A - hluti

- Laun og launatengd gjöld
  - Á árinu 2025 voru launagjöld utan lífeyrisskuldbindingar alls 7.350 m.kr. en lífeyrisskuldbinding nam 582 m.kr.
  - Hlutfall launa með lífeyrisskuldbindingu var 63,3% sem hlutfall af rekstrartekjum en hlutfall launa án lífeyrisskuldbindingar var 58,7%.
  - Launagjöld hækka um 370 m.kr. frá árinu 2024 eða um 10,3%.



# A - hluti

- Annar rekstrarkostnaður

    - Á árinu 2025 var annar rekstrarkostnaður 4.902 m.kr. eða 32,7% hlutfall af rekstrartekjum.
    - Annar rekstrarkostnaður er 605 m.kr. umfram áætlun ársins eða 17,3%
    - Annar rekstrarkostnaður hækkar um 192 m.kr. frá árinu 2024 eða um 4,9%.





Rekstrarafkoma Höfða
892.108.108
80.000.000
60.000.000
40.000.000
20.000.000
-
-20.000.000
-40.000.000
-60.000.000
-80.000.000
-100.000.000
-120.000.000
-140.000.000
-160.000.000
65.525.252
5.226.327
-9.578.418
-20.830.486
-32.721.197
-39.639.548
-42.629.857
-61.366.000
-109.340.000
-154.968.000
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024
2025
Rekstrarafkoma
Rekstrarafkoma án lífeyrisskuldb.

| Í þús. kr. | 2025 | | 2024 | |
|---|---|---|---|---|
| | Akraneskaupstaður samstæða | með samrekstrar-aðilum | Akraneskaupstaður samstæða | Samstæða með samrekstrar-aðilum |
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Skattekjur | 11.032.342 | 11.028.957 | 10.178.737 | 10.175.690 |
| Framlög eigenda | | 2.841 | | |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur | 3.064.828 | 5.284.653 | 1.298.406 | 3.416.032 |
| | **14.097.170** | **16.316.451** | **11.477.143** | **13.591.722** |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9.425.522 | 9.993.526 | 7.321.391 | 7.838.420 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.181.184 | 5.138.921 | 3.900.358 | 4.812.976 |
| Afskriftir | 529.322 | 845.981 | 401.684 | 694.219 |
| | **14.136.028** | **15.978.428** | **11.623.433** | **13.345.615** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | **- 38.858** | **338.023** | **- 146.290** | **246.107** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | - 18.399 | - 627.144 | 44.986 | - 381.822 |
| **Aðrar tekjur og (gjöld)** | 350.745 | 1.013.686 | 175.088 | 821.557 |
| **Rekstrarniðurstaða, jákvæð (neikvæð)** | **293.488** | **724.565** | **73.784** | **685.841** |